

ÁRSSKÝRSLA FRÆÐSLUSJÓÐS

2022



Fræðslusjóður
Maí / 2023



Efnisyfirlit

Starfsemi Fræðslusjóðs 2022.....	2
Framkvæmd ársins.....	2
Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2021:	3
Tölfræði úr starfinu	4
Helstu upplýsingar 2022	4
Námsleiðir	4
Ráðgjöf um nám og störf	8
Raunfærnimat	13
<i>Nám er tækifæri 2022.....</i>	17
Raunfærnimat 2022 – <i>Nám er tækifæri</i>	17
Námsleiðir 2022 – <i>Nám er tækifæri</i>	17
Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2022	19
Lokaorð.....	20

Starfsemi Fræðslusjóðs 2022

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. [27/2010 um framhaldsfræðslu](#). Við breytingu á verkefnum mennta- og menningarmálaráðuneytisins fluttist sjóðurinn til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið og, síðan eftir flutninginn, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um daglega umsýslu sjóðsins milli stjórnarfunda. Gilti samningurinn til loka árs 2022 en gert er ráð fyrir að nýr þjónustusamningur verði gerður fyrir árið 2023. Hlutverk sjóðsins er að veita fé til námsleiða, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna en öll þessi verkfæri eru ætluð markhópi framhaldsfræðslu sbr. áður nefnd lög.

Hlutverk FA gagnvart Fræðslusjóði er að undirbúa og boða stjórnarfundum, framfylgja ákvörðunum stjórnar sjóðsins sinna samskiptum við þá aðila sem fá úthlutanir úr sjóðunum.

Stjórn sjóðsins fundaði tíu sinnum á árinu og eru [fundargerðir stjórnar](#) birtar á vef FA.

Fræðslusjóður úthlutar í byrjun árs til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Eingöngu fræðsluaðilar sem tilteknir eru í Skilmálum og úthlutunarreglum sjóðsins eiga rétt á úthlutunum úr í framangreind verkefni.

Í lok maí var úthlutað til [nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Fræðslusjóði](#) og er öllum heimilt að sækja um til slíkra verkefna.

Fræðsluaðilum ber að skila eftirstöðvum úthlutanna til námsleiða og ráðgjafar í síðasta lagi við uppgjör, hafi úthlutun ekki nýst innan ársins. Þessum eftirstöðvum er úthlutað í samræmi við umsóknir frá fræðsluaðilum haustið eftir. Verkefni í raunfærnimati eru gerð upp í lok árs og um mitt ár en fræðsluaðilar hafa allt að 18 mánuði til að ljúka þeim verkefnum.

Framkvæmd ársins

Allar upphæðir í milljónum króna

	2022	2021
Vottaðar námsleiðir - Fræðslusjóður	511.6	482.5
Vottaðar námsleiðir - <i>Nám er tækifæri</i>	103.0	121.0
Náms- og starfsráðgjöf	120.3	117.7
Raunfærnimat - Fræðslusjóður	120.3	116.5
Raunfærnimat - <i>Nám er tækifæri</i>	0.7	5.1
Nýsköpunar- og þróunarverkefni	27.4	25.8
Samtals framkvæmd	883.3	868.6
Framlag á fjárlögum til Fræðslusjóðs	829.7	801.3
Framlag til <i>Nám er tækifæri</i>	39.7	202.1
Vaxtatekjur og óráðstafað fé-Fræðslusjóður	2.1	-58.9
Vaxtatekjur og óráðstafað fé-Nám er tækifæri	11.8	-76.0
Samtals úthlutað	883.3	868.6



Vegna áhrifa Covid 19 á íslenskt atvinnulíf var veitt sértöku fjármagni til Fræðslusjóðs árið 2021 til átaksverkefnisins *Nám er tækifæri*. Beindist það einkum að atvinnuleitendum. Lauk verkefninu um mitt ár 2022.

Ráðherra skipar Fræðslusjóði níu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Félag íslenskra framhaldsskóla tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og velferðarráðuneyti einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum, sjá nánar um úthlutunar- og uppgjorsreglur í [Skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs](#).

Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2022:

Hellen Magnea Gunnarsdóttir, formaður skipuð án tilnefningar	Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar
f.h. ASÍ	Varamenn
Finnbogi Sveinbjörnsson	Stefán Sveinbjörnsson
Eyrún Björk Valsdóttir	Hilmar Harðarson
f.h. SA	Varamenn
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir	Ólafur Garðar Halldórsson
Jóhanna Vigdís Arnardóttir	Heiðrún Björk Gísladóttir
f.h. BSRB	Varamenn
Karl Rúnar Þórsson	Birna Ólafsdóttir
f.h. Félagsmálaráðuneytis	Varamaður
Klara Baldursdóttir Briem	Eva Margrét Kristinsdóttir
f. h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármála- og efnahagsráðuneytis	Varamaður
Margrét Sigurðardóttir	Elín Valgerður Margrétardóttir
f.h. Skólameistarafélags Íslands	Varamaður
Magnús Ingvason	Guðbjörg Aðalbergsdóttir

Skipunartími stjórnarinnar er til 12. febrúar 2023

Tölfræði úr starfinu

Starfsfólk FA, samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar eru reglulega upplýstir um framgang í starfi framhaldsfræðslunnar með tölfræðilegum samantektum úr þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar skila. Oft leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA eftir tölfræðiupplýsingum úr starfinu og við þeim beiðnum er brugðist í hvert sinn. Í mars var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna. Ýmis tölfræði ársins var kynnt stjórn í tengslum við stjórnarfundi.



Stór hluti tölfræðiganga FA frá upphafi er birtur á [heimasíðu FA](#) með PowerBI framsetningu. Þessar töflur má finna [hér](#).

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamninga og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur. Samstarfsaðilar skrá upplýsingar um framkvæmd í ráðgjöf, námsleiðum og raunfærnimati í Innu. Til viðbótar við reglulegt framlag kom viðbótarframlag á vorönn 2022 til sjóðsins gegnum Vinnumálastofunum í verkefnið *Nám er tækifæri*. Skiptist framlagið milli námleiða og raunfærnimats og er gerð grein fyrir ráðstöfun þess í hvorum kafla fyrir sig.

Helstu upplýsingar 2022

Námsleiðir

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframkvæmd námsleiða árin 2018 – 2022 hjá fræðsluaðilum, Með heildarframkvæmd er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutana innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjörsreglur sjóðsins.

Árið 2022 er framkvæmd *Nám er tækifæri* birt sérstaklega. Eftirfarandi töflur sýna framlag Fræðslusjóðs til vottaðra námsleiða árið 2022, fjölda nemenda sem ljúka námi á árinu, meðalkostnað á hvern nemanda og hlutfall þeirra innan heildarsamtaka á vinnumarkaði.




Framkvæmd vottaðra námsleiða	2018	2019	2020	2021	2022
Mímir-símenntun	185,370,000	179,153,808	172,061,000	168,048,000	173.206.068
Framvegis	56,650,000	51,754,167	45,815,000	47,601,000	58.824.333
Starfsmennt	0	0	0	0	
IÐAN	3,876,000	5,260,000	0	2,024,000	2.024.000
Rafmennt	0	0	0	0	
Samt. höfuðb.svæðið	245,896,000	236,167,975	217,876,000	217,673,000	234.054.401
Símenntun Vesturlandi	20,952,466	24,980,000	12,700,000	11,892,154	22.211.000
Fræðslumst. Vestfj.	21,190,000	22,100,000	18,030,000	18,050,000	6.966.000
Farskólinn NV-landi	12,010,000	13,260,000	11,960,000	13,033,000	7.741.639
SÍMEY	73,009,370	69,860,000	65,751,000	69,813,500	73.840.600
Þekkingarn. Þingeyinga	8,960,000	9,600,000	9,238,000	10,632,098	12.997.500
Austurbrú	22,980,000	22,270,000	18,820,000	20,990,491	19.031.648
Fræðslunet Suðurlands	36,850,000	38,180,000	34,606,900	38,986,000	35.882.285
Viska Vestmannaeyjum	9,061,914	13,730,000	10,140,000	2,400,100	3.445.600
MSS	106,300,617	89,440,000	76,823,000	79,079,000	95.428.000
Samt. landsbyggðin	311,314,367	303,420,000	258,068,900	264,876,343	277.544.272
Samtals allt	557,210,367	539,587,975	475,944,900	482,549,343	511.598.673

Fræðslusljóður greiddi fyrir 77% af nemendum sem luku námi í vottuðum námsleiðum á árinu 2022 en VMST greiddi fyrir 22% nemendanna sem luku námi í gegnum verkefnið *Nám er tækifæri*.

Vottaðar námsleiðir og framlag Fræðslusjóðs 2022	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi nemenda - greitt af Fræðslusjóði	1728	77%
Fjöldi nemenda - greitt af VMST	491	22%
Fjöldi nemenda - greitt af öðrum	28	1%
Fjöldi nemenda alls	2247	
Samtök á vinnumarkaði	Samtök	Hlutfall
Samtök á vinnumarkaði	ASÍ	28%
	BSRB	3%
	Annað/óskráð	68%
Meðalkostnaður nemenda - greitt af Fræðslusjóði	kr.	296.064

Hlutfall karla og kvenna sem luku námi helst nokkuð jafnt á milli ára, en konur eru jafnan í meirihluta eins og sjá má á eftirfarandi mynd.




Eins og áður sagði þá greiddi Fræðslusjóður fyrir 77% nemenda sem luku námi 2022 sem er sama og árið 2021. Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda eftir miðstöðvum síðastliðin fimm, greitt af Fræðslusjóði.


Fjöldi einstaklinga sem luku námi eftir miðstöðvum (greitt af Fræðslusjóði)					
	2018	2019	2020	2021	2022
Austurbrú ses.	143	142	122	79	112
Farskólinn-miðstöð símenntunar	72	101	64	57	30
Framvegis miðstöð símenntunar	155	134	138	135	156
Fræðslu/sím.miðst. Vestm.eyja	41	95	79	14	24
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	140	102	126	143	78
Fræðslunetið-símenntun ses.	160	201	152	172	123
ÍÐAN-Fræðslusetur ehf.	14	21		7	5
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	424	369	253	263	289
Mímir-símenntun ehf.	553	584	545	461	491
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	537	417	381	288	236
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	85	115	106	57	136
Þekkingarnet Þingeyinga	55	59	77	48	48
ALLS	2379	2340	2043	1724	1728

Á eftirfarandi súluriti sést að yfir Covid árin minnkaði að nám væri kennt í staðnámi verulega en 65% náms hafði verið kennt í staðnámi árið 2019, árið 2020 var þetta hlutfall 35% og 42% árið 2021. Þetta er miðað við

nám greitt af Fræðslusjóði. Árið 2022 var hlutfall staðnáms komið í 52%. Einnig sést að fjarnám og blandað nám (blanda af fjar- og staðnámi) tók verulegt stökk árin 2020 þar sem það var 44% og 2021 þegar fjarnám og blandað nám var 41%.



Fræðslusjóður greiddi fyrir nemendum sem luku námi í 33 mismundandi vottuðum námsleiðum árið 2022. Á næstu mynd má sjá tíu mest sóttu námsleiðarnar árið 2022 miðað við greiðslur úr Fræðslusjóði.




[Nánari tölfræði um vottaðar námsleiðir á vef FA](#)

Ráðgjöf um nám og störf

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2022 og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2018 – 2021. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjörsreglur sjóðsins.


Framkvæmd náms- og starfsráðgjafar	2018	2019	2020	2021	2022
Mímir-símenntun	26.078.760	23.417.090	21.554.000	22.943.000	24.753.000
Framvegis	6.199.763	6.020.000	4.439.000	4.910.000	7.432.000
Starfsmennt	2.146.727	847.000	539.800	316.200	96.800
IÐAN	35.863.067	33.361.880	32.167.000	32.454.700	28.585.700
Rafmennt	4.998.000	3.271.400	1.471.000	2.193.000	763.500
Samt. höfuðb.svæðið	75.286.317	66.917.370	60.170.800	62.866.900	61.631.000
Símenntun Vesturlandi	8.170.000	6.700.210	11.652.288	9.358.300	8.274.000
Fræðslumst. Vestfj.	6.167.083	7.274.740	4.598.000	5.154.668	5.136.000
Farskólinn NV-landi	4.159.339	4.175.000	3.769.410	3.903.591	1.388.400
SÍMEY	10.014.990	11.065.510	9.762.276	6.738.388	6.101.400
Þekkingarn. Þingeyinga	11.988.629	9.700.000	6.620.000	7.239.000	9.994.000
Austurbrú	4.556.000	4.058.070	5.091.755	3.954.105	4.041.300
Fræðslunet Suðurlands	9.876.017	9.904.720	8.967.180	5.331.768	8.431.900
Viska Vestmannaeyjum	4.798.460	3.760.000	3.883.000	2.970.100	2.576.200
MSS	12.763.213	12.150.000	13.412.980	10.520.800	11.717.000
Samt. landsbyggðin	72.493.731	68.788.250	67.756.889	55.170.720	57.660.200
Samtals allt	147.780.048	135.705.620	127.927.689	118.037.620	119.291.200

Heildarfjöldi viðtala árið 2022 voru 8760 þar af greiddi Fræðslusjóður fyrir 8671 viðtöl eða 99%. Á næstu mynd má sjá fjölda viðtala síðastliðin fjögur ár eftir fjármagni. Tölur um viðtöl eru byggðar á fjölda viðtala en ekki fjölda þeirra einstaklinga sem sækja viðtölin. Fjöldi viðtala sem tekin voru á símenntunarmiðstöðvum fyrir VMST eru ekki með í þessum tölum. Fræðslusjóður greiðir því kr. 13.757 fyrir hvert viðtal að meðaltali.




Viðtöl sem fóru fram rafrænt tóku kipp yfir Covid árin og voru 51% viðtala tekin rafrænt árið 2021, árið 2022 dró aðeins úr fjölda þeirra en þau voru 43% af heildarfjölda viðtala. Möguleikinn á að skrá hvernig viðtal fer fram kom inn í skráninguna í INNU um mitt ár 2020.


Eins og sjá má á eftirfarandi mynd helst hlutfall kynja ráðþega nánast eins milli ára en karlar eru í meirihluta þar sem viðtöl vegna raunfærnimats eru inni í fjölda viðtala um nám og störf.




Aldursskipting helst einnig mjög svipuð milli ára eins og sjá má á næstu mynd, en meirihluti ráðþega eru á aldrinum 26 – 35 ára.




Sú menntun sem ráðþegar hafa þegar þeir sækja viðtöl breytist einnig lítið milli ára en mikill meirihluti þeirra eru í markhópi framhaldsfræðslunnar. Aðeins um 12% - 14% þeirra sem sækja viðtöl eru ekki í markhópi framhaldsfræðslunnar við komu í viðtalið en Fræðslusjóður greiðir fyrir allt að 20% heildarhlutfall utan markhóps.



Meirihluti ráðþega voru í starfi við komu í viðtal 2022 eins og árin á undan. Hlutfall þeirra sem voru í starfi við komu minnkaði aðeins yfir Covid árin og ráðþegum sem voru í atvinnuleit eða í starfsendurhæfingu fjölgaði en árið 2022 er þetta hlutfall nær því sem það var árið 2019.




Skráningu vantar á aðild að samtökum á vinnumarkaði eða einstaklingar eru utan ASÍ eða BSRB við 44% skráðra viðtala árið 2022. Að öðru leiti eru 49% ráðþega í aðildafélögum ASÍ og 7% innan BSRB. Þetta hlutfall má sjá á næstu mynd í samanburði við árin 2019 -2021.





Ráðþegum með annað ríkisfang en íslenskt fer sífellt fjölgandi í ráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvum en árið 2022 voru 24% viðtala við ráðþega með erlent ríkisfang.



[Nánari tölfræði um náms- og starfsráðgjöf á vef FA](#)

Raunfærnimat

Eftirfarandi sýnir heildarframlag raunfærnimats árið 2022 hjá fræðsluaðilum. Til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2018 – 2021. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.


Framkvæmd raunfærnimats	2018	2019	2020	2021	2022
Mímir-símenntun	10.403.900	10.464.100	18.523.400	10.987.860	7.784.180
Framvegis	625.1	2.962.900	2.730.000	4.227.500	6.203.200
Starfsmennt	2.321.500	181.000			
IÐAN	55.313.800	61.192.000	60.455.150	53.811.140	40.353.640
Rafmennt	6.118.000	5.569.000	7.594.000	7.703.500	6.960.300
Samt. höfuðb.svæðið	74.782.300	80.369.000	89.302.550	76.730.000	61.301.320
Símenntun Vesturlandi	12.196.162	3.323.000	18.972.000	9.190.480	7.377.860
Fræðslumst. Vestfj.	2.104.800	6.858.000	9.937.500	5.408.600	7.189.520
Farskólinn NV-landi	2.186.800	6.797.000	556.5	3.260.500	1.934.400
SÍMEY	12.661.100	19.508.300	10.390.100	4.766.660	10.673.260
Þekkingarn. Þingeyinga	0	325	2.650.000	1.209.600	3.029.800
Austurbrú	6.877.500	2.742.292	5.158.208	4.467.700	6.502.800
Fræðslunet Suðurlands	18.015.900	7.597.000	16.553.100	3.262.080	13.222.560
Viska Vestmannaeyjum	4.999.000	3.837.300	5.739.200	4.504.980	4.049.160
MSS	10.715.500	6.736.000	3.444.200	3.653.800	5.079.900
Samt. landsbyggðin	69.756.762	57.723.892	73.400.808	39.724.400	59.059.260
Samtals allt	144.539.062	138.092.892	162.703.358	116.454.400	120.360.580

Á árinu 2022 luku 567 einstaklingar raunfærnimati hjá símenntunarmiðstöðvum um land allt. Af þeim var raunfærnimat 507 einstaklinga greitt af Fræðslusjóði en aðrir greiddu fyrir 60 einstaklinga.

Fjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati 2018 - 2022					
	2018	2019	2020	2021	2022
Fræðslusjóður	572	467	573	489	507
Greitt af öðrum	5	89	65	91	60
	577	556	638	580	567

Á næstu mynd sést hvernig þessi fjöldi skiptist eftir flokkum raunfærnimats, miðað við alla sem luku raunfærnimati árin 2019 - 2022. Fjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati í starfsnámsgreinum heldur áfram

að aukast eins og undanfarin ár og var fjöldinn meiri en í iðngreinum árið 2022.




Eins og sést á tölum hér fyrir ofan greiddi framlag Fræðslusjóðs fyrir raunfærnimat 507 einstaklinga, Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi fyrir 5 einstaklinga og greitt var fyrir 55 einstaklinga með öðrum leiðum. En alls luku 567 einstaklingar raunfærnimati árið 2022.

Nánari upplýsingar um framkvæmd raunfærnimats 2021 miðað við framlag Fræðslusjóðs sýnir að konur eru í meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati í starfsnámsbrautum og á móti viðmiðum einstakra starfa í atvinnulífinu, en karlar í iðngreinum og almennum bóklegum greinum eins og fyrri ár. Meðalaldur þeirra sem sækja raunfærnimat almennt eru tæp 38 ár en meðalkostnaður á hvern einstakling er krónur 237.397 árið 2022 af framlagi Fræðslusjóðs.


Tölfræði út frá framlagi Fræðslusjóðs 2022							
	Fjöldi	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar	Annað	Meðalaldur
Viðmið atvinnulífsins	82	4,9	333	51%	48%	1%	37,1
Starfsnámsbrautir	241	55,63	13.408	68%	31%	0,4%	37,8
Iðngreinar	175	49,55	8.672	5%	95%		38,7
Almennar bóklega greinar	9	10,55	95	22%	78%		32,9
Samtölur	507	45,65	22.508	43%	57%	0,03%	37,9 ár

Einstaklingar sem hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því eru í miklum meirihluta þeirra sem luku raunfærnimati á árinu 2022 eins og undanfarin ár en þeir sem hafa stúdentspróf eða meiri menntun

greiða yfirleitt sjálfir eða fá styrki annarsstaðar frá en úr Fræðslusjóði eins og úthlutunarreglur segja til um. Þetta má sjá nánar á næstu mynd.



Undanfarin ár hefur fjöldi erlendra ríkisborgara sem ljúka raunfærnimati verið milli 8% og 14% af heildarfjölda miðað við fjármagn frá Fræðslusjóði og fer fjölgandi ár frá ári.





Á árinu 2022 fóru flestir einstaklingar í gegnum raunfærnimat í almennri starfshæfni en eftirfarandi tafla sýnir 10 fjölmennustu greinar í raunfærnimati 2022.

Tíu fjölmennustu greinar í raunfærnimati 2022	
Grein	Fjöldi
Almenn starfshæfni	55
Leikskólaliði	45
Húsasmíði	44
Stuðningsfulltrúi	41
Rafvirkjun	38
Sjúkraliðabraut	36
Fisktæknir	28
Matartækni	27
Pípulagnir	27
Skipstjórn	25

[Nánari tölfræði um raunfærnimat á vef FA](#)

Nám er tækifæri 2022

Á árinu 2021 og vorönn 2022 sá Fræðslusjóður um að útteila fjármagni í raunfærnimati og vottuðum námsleiðum til símenntunarmiðstöðva frá Atvinnuleysistryggingasjóði / VMST vegna átaksverkefnisins *Nám er tækifæri*. Tölulegar upplýsingar um 2021 má sjá í ársskýrslu Fræðslusjóðs 2021. Átaksverkefninu *Nám er tækifæri* lauk á miðju ári 2022.

Raunfærnimat 2022 – *Nám er tækifæri*

Krónum 683.262 var úthlutað til raunfærnimats frá atvinnuleysistryggingasjóði í gegnum Fræðslusjóð á vorönn 2022 vegna átaksverkefnisins *Nám er tækifæri*.

<i>Nám er tækifæri</i>	
Framkvæmd raunfærnimats 2022	
IDAN	351.072
Símenntun Vesturlands	195.390
SÍMEY	136.800
Samtals	683.262

5 einstaklingar luku raunfærnimati eða 0,8% af heildarfjölda þeirra sem luku raunfærnimati á árinu.

<i>Nám er tækifæri</i>					
	Fjöldi	Fjöldi eininga	Konur	Karlar	Meðalaldur
Starfsnám	3	37	67%	33%	41 ár
Löggildar iðngreinar	1	133	100%		29 ár
Viðmið atvinnulífsins	1	0		100%	41 ár
Samtölur	5		40%	60%	38,6 ár


Námsleiðir 2022 – *Nám er tækifæri*

Rétt rúmunum 103 milljónum var úthlutað til miðstöðva á vorönn 2022 vegna framkvæmda á vottuðum námsleiðum vegna átaksverkefnisins *Nám er tækifæri*.

<i>Nám er tækifæri</i>	
Framkvæmd námsleiða 2022	
Framvegis	5.823.975
Símenntun Vesturlandi	12.386.333
Fræðslumst. Vestfj.	7.033.000
Farskólinn NV-landi	1.995.000
SÍMEY	5.548.950

Þekkingarn. Þingeyinga	16.976.500
Austurbrú	1.376.550
Viska Vestmannaeyjum	965.675
MSS	50.900.080
Samtals	103.006.063

491 einstaklingur lauk námi í vottuðum námsleiðum eða 21,8% af heildarfjölda þeirra sem luku námi á árinu. Konur sem luku námi voru 49% og karlar 51%.





Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2022

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Upphæð styrks
Stoðkennarinn	Stoðkennarinn - Íslenska sem annað tungumál	2.400.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Íslenska sem annað mál á arabísku	3.198.000
Þekkingarnet Þingeyinga	Íslensk tónlistargátt fyrir innflytjendur	3.300.000
Mímir símenntun	VINNUtal- verkefni til talþjálfunar í starfstengdri íslensku á þrepi A2-B1	3.300.000
Mímir símenntun	KeNNA- Kennslumyndbönd til sjálfsnáms fyrir kennara í framhaldsfræðslu	3.300.000
Austurbrú	Lísa - Lærum íslensku	3.300.000
TVÍK	Hönnun sniðmáta fyrir sjálfvirknivædd samtöl og endurgjöf á málnotkun	3.000.000
Framvegis	Hæfnigreining á starfi skólaliða	900.000
Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð	Hæfnigreiningar starfa og námskrárgerð	3.096.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Samstarf skólastiga og stafræn fræðsla: Ferðamálanám á breiðum grunni	3.300.000
Heildarúthlutun		29.094.000

[Nánari upplýsingar um úthlutun Fræðslusjóðs til nýsköpunar- og þróunarverkefna á vef FA](#)

Lokaorð

Framlag til Fræðslusjóðs var 829,7 milljónir árið 2021 sem var hækkun um 28,4 milljónir eða 3,5% frá árinu á undan. Framkvæmd verkefna sem Fræðslusjóður fjármagnar var alls 779,6 milljónir á árinu 2022. Auk þess sem framkvæmt var fyrir 103,7 milljón innan verkefnisins *Nám er tækifæri*. Heildar framkvæmd á árinu var því samtals 883,3 milljónir sem er hækkun um 14,7 milljónir eða 1,7% miðað við árið á undan.

Nám er tækifæri var tímabundið verkefni sem lauk um mitt ár 2022. Fjármagn til verkefnisins kom frá Vinnuálastofnun. Veitt var til verkefnisins í gegnum Fræðslusjóðs og haldið utan um það á sama hátt og reglulegar úthlutanir sjóðsins en bæði uppgjör og tölfræði er aðskilið frá öðrum verkefnum. Verkefninu *Nám er tækifæri* er sérstaklega ætlað til að mæta fólki sem missti vinnuna vegna samdráttar í kjölfar Covid 19. Verkefninu lauk um mitt ár 2022, en áður en því lauk höfðu verið framkvæmdar námleiðir fyrir 103 milljónir og raunfærnimat fyrir 0,7 milljónir.

Alls luku 1728 einstaklingar námi hjá samstarfsaðilum sjóðsins á árinu sem er nánast sami fjöldi og árið á undan.

Ráðgjafaviðtölum fjölgaði lítilega á árinu, frá árinu á undan. Þótt aukningin sé ekki veruleg, úr 8.600 í 8.760, má leiða að því líkur að dregið hafi úr kaupum VMST á ráðgjafabjónustu eftir að verkefninu *Nám er tækifæri* lauk um mitt ár.

Fækkun varð á heildarfjölda þeirra sem luku raunfærnimati en það var eingöngu vegna fækkunar í hópi þeirra sem greiða sjálfir fyrir sitt raunfærnimat, en fjölgun varð meðal þeirra sem tilheyra markhópi framhaldsfræðslunnar og fá sitt raunfærnimat greitt af Fræðslusjóði.

Langflestir ljúka raunfærnimati af starfsnámsbrautum, eða tæp 48% allra, þar á eftir koma iðngreinarnar með tæp 35% þeirra sem ljúka raunfærnimati, rúm 16% fá mat á móti viðmiðum atvinnulífsins.

Frekari tölfræði má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [hér](#).

Frekari gögn um starfsemi Fræðslusjóðs er [hér](#) á vef FA.